

LISTIR

Krónísk útþrá



Mary Ellen Mark: Aryan Nations, Hayden Lake, Idaho, 1986.

Bandarískt barkarflan

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

LIÓSMYNDIR MARY ELLEN MARK

Til 2. júní. Opið daglega frá kl. 11–17.

MARY Ellen Mark er trúlega fremst meðal jafningja sem félagslegur ljósmyndari. Þetta mun vera í annað sinn á tæpum tíu árum sem við fáum að kynna verkum hennar á sama stað. En það er ekki mikið við því að segja; verk hennar standa svo sannarlega fyrir sínu, formrænt séð, og þola því vissulega margfalda skoðun.

Sem skrásetjari núturlégrar tilveru, en jafnframt skopplegra portrettmynda í seinni tíð, byggir Mark á löngum og traustum grunni sem kynsystur hennar lögðu snemma á öldinni sem leið. Ljósmyndarar á borð við Doris Ulmann, Dorothea Lange, Margaret Bourke-White, Lisette Model, Helen Levitt og Diane Arbus lögðu allar sitt af mörkum til að nálgast bandarískt þjóðfélag með öðrum hætti en við eigum að venjast úr kvikmyndasmíðu Hollywood.

Það má því segja að þegar Mark fór að taka sínar fyrstu mikilvægu myndir um miðjan sjúnda áratuginn hafi hún verið að skrá sig inn í hefð sem eftir á að hyggja er ótrúlega rík og persónuleg. Hún er heldur ekki sú síðasta í þessari merklegru röð því listamenn á borð við Donnu Ferrato og Nan Goldin viðhalda hefð hennar samfélagslegu ljósmyndunar, en við fengum einmitt að kynna verkum hennar síðarnefndu fyrir fáeinum misserum.

Myndir Mark af olnbogabörnum bandarískis samfélags eru vissulega núturlégar, en þær eru aldrei ómann-

eskjulegar né illa teknar. Eflaust má rekja árangurinn til vinnubrögða hennar, en hún leggur á sig að fylgja eftir myndefni sínu, um langt skeið ef því er að skipta. Nokkur dæmi eru á sýningunni um fólk, ungvíði og fjölskyldur, sem Mark er farin að þekkja af löngum kynnum sínum. Það gerir henni jafnvel kleift að byggja upp myndir sínar og hagræða, og ná þannig fram skerpu sem eflaust væri minni ef tókurnar væru fyrirvaralausar.

Þá er það merkileg krafa sem Mark hefur sett sér að leggja fremur áherslu á myndefnið en sjálfstjórninguna. Það er vissulega erfitt að greina þarna á milli og margir mundu staðhæfa að myndir hennar segðu fullt eins mikið um hana sjálfa og fólk-ið sem myndavél hennar nemur.

Hins vegar viðheldur hún með þessari kröfu spennunni og ferskleikanum í myndefninu og tókunni, sem er forsenda þess að ljósmyndir hennar haldi áfram að stuða, skekja og vekja hina sálardofnu til vitundar um raunir meðbræðra sinna.

En Mary Ellen Mark skilur ekki eftir þessa mennsku sína þótt hún snúi stundum linsunni að hinum fínu og frægu. Með skopskyni og innsei bregður hún ljósi á eilítið innantóma tilveru hinna ríku og heimsþekktu og nær þá árangri sem er á sinn hátt ekki síðri en þegar Lisette Model fékk fyrirsætur sínar til að brosa að sjálfum sér og afkáraskap sínum. En ef til vill ættu lesendur að gleyma sem fyrst þessum fátæklegu orðum og drífa sig þess í stað á sýninguna á Kjarvalsstöðum, því nú fer hver að verða síðastur.

Halldór Björn Runólfsson

TÓNLIST

Borgarleikhúsið

KAMMERTÓNLEIKAR

Kronos Quartet flutti verk eftir Vrebalov, Burman, Troilo, Mingus, Reich, Gordon, Riley, Sigur Rós, Lecuona og Dale. Kvartettinn skipa David Harrington (fíðla), John Sherba (fíðla), Hank Dutt (víóla) og Jennifer Culp (selló). Þriðjudagurinn 28. maí 2002.

HEIMAR hrundu saman í eitt síðasta þriðjudagskvöld, í listrænni merkingu, er New York strengja-kvartettinn Kronos lék.

Kronosliðar eru orðnir frægir að endemum fyrir þrotlausa nýjungagírni og umleitunir í sem víðastar áttir; viðhorf sem hefur aflað þeim virðingar, bæði í heimi sigildrar og nýgildrar tónlistar (popp, dægurtónlist). Þetta mátti t.d. glögglega sjá á gestum kvöldsins, þar sem samankomnir voru hinir ýmsu fulltrúar frá báðum þessum heimum, síðarnefndi hópurinn þó ærið fjölmennari.

Þannig er að Kronoskvartettinn hefur alla tíð átt góða, næstum eðlega, samleið með rokkurum og dægurtónlistarpælurum. Kemur þá helst til þökuð nálgun meðlima við störf sín, veri það klæðnaður, efnisval eða hreinlega spilamennskan sjálf. Mikilvægi Kronos felst þó fyrst og fremst í hinu galopna viðhorfi til sköpunar, þar er tónlist tónlist, og því hafa áhugamenn um tónlist, hvaðan svo þeir koma, hrifist unnvörpum af kvartettinum.

Þannig hafa Kronos leikið tónlist eftir jafn ólíka höfundar og John Zorn, Jimi Hendrix, Philip Glass, Gorecki og Bo Diddley. Rokk, popp og argasta jaðartónlist. Sigild tónlist, djass og heimtónlist. Allt eru þetta aufúsgestir hjá Kronos.

Þetta mátti og vel merkja af efniskránni sem var fjölbreytt og víð. Þyrjað var á verki Júgóslavans Vrebalov, *Óendanleg Pannonia*. Margslungið nokk, með tilvísunum í tónlist þá sem þrífst á umræddu svæði. Hljóðfærleikarnir fóru yfir holt og hæðir í flutningi sínum og hafa líkast til náð að snúa sér ágætlega í gang. Hin þokkalegasta smíð. Næst á dagskrá var lag eftir indverska kvikmyndatónskáldið Rahul Dev Burman, hvar kvartettinn studdist við tablatrommur af segulbandi. Furðuleg tónsmíð – þá ekki á jákvæðan hátt – sem skildi lítið eftir sig. Vixlsöngur argentínska tangótónskáldsins Troilo var litlu betri og maður stóð á krossgötum efans í lokin: „Hvenær fer eitthvað að gerast hjá þessum frábæra kvartett?“ Djassgeggjunin rétti fjórbyttuna af þegar laginu „Myself When I Am Real“ eftir Charlie Mingus var veitt í Kronos-hræruna. Dulúðugt, sértækt og áleitið. Eyrun sperrt upp á nýjan leik.

Síðasta verk fyrir hlé var eftir Steve Reich, nafn sem tilraunaglaðir rokkarar og raftónlistarmenn ættu að kannast mæta vel við. *Triple Quartet*

Robert Bly á Hofsósi

BANDARÍSKA ljóðskáldið Robert Bly heimsækir Ísland á næstunni til að taka þátt í málstofu, sem fram fer í Vesturfarasetrinu á Hofsósi dagana 12.–17. júní.

Málstofan, sem orðin er árlegur viðburður, er nú haldin í þriðja sinn. Heiðurinn af skipulagningu hennar eiga vestur-íslensku rithöfundarnir Bill Holm og David Arnason og er markmið þeirra m.a. að kynna fyrir Bandaríkja- og Kanadámönnum Ísland og íslenskar bókmenntamenntir.

Robert Bly hefur sl. fjórutíu ár verið í hópi brautryðjenda í bandarískum bókmenntum, bæði sem ritstjóri, gagnrýnandi, þýðandi og ljóðskáld. Bly mun fjalla um skandinavíska ljóðlist sem og nýleg verk sín í málstofunni. Auk hans mun koma þar fram Einar Már Guðmundsson rithöfundur, sem beinir sjónum að íslenskum nútímabókmenntum og þýðingum.



Morgunblaðið/Golli

„En að tæknirausi slepptu var það sannarlega upplifun að sjá þennan virta kvartett að störfum,“ segir um tónleika Kronos-kvartettsins.

byggist á – eins og nafnið gefur til kynna – leik þriggja kvartetta samtímis. Tveir kvartettanna voru leiknir af bandi enn sá þriðji var „lifandi“. Þetta var þungarokkslag kvöldsins, mikill hamagangur og sargað til hægri og vinstri af mikill elju og ástriðu. Flott stykki sem glæddi vonir gesta um að fútt yrði í seinni helmingi tónleikanna. Sem kom svo á daginn.

Eins og lesa má var fyrri hluti tónleikann hálfkringlandi; rennslíð var sturt og stemningin hálfskrytín. Í hléi heyrði ég fólk segja ótt og títt „Þetta er allt í lagi svo sem“. Hins vegar var engum blöðum um það að fletta að spilamennskan var geirnægð. Óaðfinnanleg og örugg og greinilegt að hér er á ferðinni sjóað fólk. Tónn sveitarinnar var harður, næsta grófur og skemmtilega í takt við dirfskulegt og kæruleysislegt yfirbragð fjórmenninganna.

Sígandi lukka er best, segir mál-tækjó. Fyrsta verkið eftir hlé var þannig stórgott. *Potassium* er eftir Michael Gordon, ein af aðalsprautum framúrsteftuhópsins Bang on a Can.

Ef eitthvað var rokkað þetta kvöldið þá var það þetta verk; minnti óneitanlega á tónsmíðar síðrokkara eins og *Godspeed you black emperor* og hliðarverkefni þeirrar sveitar, Silver Mount Zion. Naumhyggjulegt og drungalegt framan af en brotnaði síðan upp í endann á áhrifamikinn hátt. Flott!

Terry Riley er annar sá listamaður sem dægurtónlistarfólk ætti að þekkja, en naumhyggjuleg verk hans hafa haft mikil áhrif á sveim- og raf-danstónlist nútímans. Verkið *Sunrise of the Planetary Dream Collector* er fyrsta verkið sem hann samdi fyrir kvartettinn, eins og leiðtogi hópsins, David Harrington upplýsti áheyrendur um. Þess má geta að Harrington kynnti ávallt á milli laga og var það vel. *Sunrise ...* er melódískt, falllegt verk og undirbjó á vissan hátt jarðveginn fyrir það sem koma skyldi.

Og það var það sem flestir voru

búnir að bíða eftir, flutningur Kronosliða á tveimur lögum Sigur Rósar, „Flugufrelssaranum“ og „Svefn-G-Englar“, sem voru sérstaklega útsett fyrir kvartettinn (lögirn voru ranglega titluð í efnisskrá).

Strengjatilbrigði við þessi falletu lög tókust í það heila vel. Sérstaklega kom fyrri lagið vel út. „Svefn-G-Englar“ var heldur holará á að hljóða og felldi sig miður vel að útsetningunni. Náði ekki nægilega kraftinum sem einkennir frumgerðina.

Það sem er þó kannski mest um vert hér er að Kronos falaðist sérstaklega eftir þessum lögum. Það var því engin spurning um það að allir meðlimir væru að leggja sig eftir flutningnum af lífi og sál – eitthvað sem skilaði sér til áheyrenda. Manni varð því ósjálfrátt hugsað til hins vafasama tiltækis Sínfóníuhljómsveitar Íslands, er hún lagði sig eftir tónlist Quarashi og Botnleðu. Eftir á að hyggja feilsþor, en verst var þó að fylgjast með sumum sveitarmönnum, hálfðottandi yfir hljóðfærunum sínum.

Kvartettinn lék svo tvö aukalög. Í fyrri skiptið var það lag af nýútkomnu hljómdiski, *Nuevo*, þar sem er að finna mexíkóska tónlist af alls kyns tagi í túlkun Kronos. „Tabu“ eftir Margaritu Lecuona er glettið og gamansamt lag, hvar fjórði ræður ríkjum. Í seinna lagiinu var svo farið í yfírgírinn, og fólk fékk að heyra afar skemmtilega útgáfu af lagiinu „Misirlou Twist“ eftir konung brymgítarsins, Dick Dale.

Tónleikunum lauk því með glæsibrag en því er ekki að neita að þeir voru dálítið stírbúsalegir framan af. En að tæknirausi slepptu var það sannarlega upplifun að sjá þennan virta kvartett að störfum. Rómantísk viðleitni meðlima við að umfaðma for-dómalaust *alla* tónlist er sannarlega aðdánarverð, eitthvað sem er hiklaust til umhugsunar öllum þeim sem telja sig vera áhugasama um tónlist.

Amar Eggert Thoroddsen

Íslenska sögupingið

Föstudagur 31. maí

Kl. 9–10.30

Oddi 106: Stjórnarráðið: Fyrirmyndir og erlend samskipti – Söguritin.

Oddi 101: Kynjasaga: Kvenleiki, karlmennska og íslensk samfélagsþróun.

Oddi 102: Hnignunarkenningin í sögu Íslendinga.

Oddi 206: Íslensk bókasaga: Fjölmíðun menningar.

Kl. 10.45–12.15

Oddi 206: Heilbrigðissaga í 200 ár.

Oddi 101: Kynjasaga: Kvenleiki, karlmennska og íslensk samfélagsþróun.

Oddi 201: Hnignunarkenningin í sögu Íslendinga.

Oddi 106: Comparison and typologies as research strategies in

history. Málstofa Knuts Kjeldstadlis.

Kl. 13.30–15

Oddi 206: Vísindi og tækni í sögu Íslands um og eftir 1900.

Oddi 106: Tengslanet: Kenningar og aðferðir.

Oddi 201: Trúin leysir og bindur: Kristinn boðskapur og líf kvenna.

Kl. 15.15–16.45

Hátíðasalur: Jürgen Kocka: History of work in the West: Approaches, findings and open questions. Jon Sigurdsson Memorial Lecture 2002.

Kl. 17–17.30

Oddi: Útgáfuteiti í tilefni af útkomu Sagnfræðingataks.

Kl. 20–22

Þjóðmenningarhús: Móttaka: Þórunn Elín Pétursdóttir og Snorri Örn Snorrason syngja og leika.

Lagersala

Monsoon & Accessorize

Bíldshöfða 16

Bakhús inni í portinu

Sprenglægilegt verð!

Enn meiri verðlækkun

Síðasti dagur 2. júní

Opið alla daga frá kl. 12-18